

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt fyrir Sparisjóð Mýrasýslu nr. 90, 3. maí 1943.

1. gr.

13. gr. orðist svo:

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðurinn á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af sparisjóðsinnistæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á ári og ávallt í lok hvers árs. Í innistæðubókinni skulu vextir hvers innistæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á hlutaðeigandi síðu. Vextir reiknast af mánuðum þritugnættum og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri.

Í fyrsta sinn sem viðskiptabók er sýnd eftir að vextir af innistæðu hafa verið reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins skulu þeir færðir í viðskiptabókina og skal þess þá nákvæmlega gætt að upphæð innistæðufjár að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni beri saman við það er innistæðan telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innistæðubók má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð en leiðréttá skal skekkjuna þá er hún finnst.

2. gr.

Framanrituð samþykkt staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 24. júlí 1981.

F. h. r.

Þórhallur Ásgeirsson.

Björn Lindal.